

LÖG

um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnu- félaganna hins vegar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem skal fyrir 1. maí 1986 ákveða kaup og kjör félagsmanna Mjólkurfræðingafélags Íslands sem starfa hjá Mjólkursamsölnni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Mjólkurfræðingafélags Íslands.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara mjólkurfræðinga leggja til grundvallar síðastgildandi kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og vinnuveitenda og þær launa- og kjarabreytingar sem almennt hefur um samist á vinnumarkaði frá því kjarasamningar urðu lausir hinn 1. janúar 1986.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkfall það, sem hafið er af hálfu Mjólkurfræðingafélags Íslands, önnur verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Mjólkursamsölunni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum óheimilt að segja mjólkurfræðingum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni þeirra eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1986. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 31. des. 1986 gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.